

# Opið hús

## HJÁ SKÓLASKRIFSTOFU MOSFELLSBÆJAR

# Það verður tamast sem í æskunni nemur

Á Opnu húsi Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar **miðvikudaginn 30. janúar** verður sjónum beint að **heilbrigði og velferð** og hversu mikilvægt það er að þessir grundvallarþættir endurspeglist í uppeldi barna.

Skólaskrifstofan hefur fengið til liðs við sig sérfræðing á sviði lýðheilsu; lýðheilsufræðinginn, kennarann og tvíburamömmuna **Ólöfu Kristínu Sívertsen.**

Ólöf starfar sem fagstjóri heilsuskólanna hjá Skólum ehf. og mun hún fjalla um þau tækifæri sem felast í því að hugsa vel um heilsu og vellíðan barnanna okkar og okkar sjálfra. Rannsóknir hafa sýnt að heilbrigði og velferð eru grunnurinn að lífsgæðum fólks til framtíðar. Áhrifaþættir heilbrigðis eru margir og því mikilvægt að hafa í huga að heilsa er margþætt og má þar m.a. nefna líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Við getum öll haft áhrif á heilsu okkar og annarra með einum eða öðrum hætti og mun ýmsan fróðleik tengdan viðfangsefninu bera á góma í fyrirlestri og umræðum kvöldsins.

Fróðlegt kvöld er því framundan þar sem málefnið snertir okkur öll og því ætti enginn að láta það framhjá sér fara!

Í nýjum aðalnámskrám leik- og grunnskóla er horft til 6 grunnþátta sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Opnu húsin í vetur eru tileinkuð þessum þáttum og hvernig þeir snúa að foreldrum.



MOSFELLSBÆR


Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 | mos@mos.is
www.mos.is


Opnu húsin hjá Skólaskrifstofu eru alltaf haldin síðasta miðvikudag í mánuði yfir veturinn, í Listasal Mosfellsbæjar frá klukkan 20 - 21. Athugið að gengið er inn austan megin (Háholtsmegin).

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Viltu deila þessu á Facebook?